



HRUNAMANNAHREPPUR

20. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 12. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. DESEMBER 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 1. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2012. (Fyrri umræða)
2. Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps. (Fyrri umræða)
3. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2012.
4. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2012.
5. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2012.
6. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2012.
7. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2012.
8. Tillaga um reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti 2012.
9. Kennarasamband Íslands: Vegurinn í Ásabyggð.
10. Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga.
11. Umhverfisráðuneytið: Umsögn um drög að skipulagsreglugerð.
12. Lögreglustjórinn á Selfossi: Auglýsing um umferð á Flúðum.
13. Snorraverkefnið: Styrkbeiðni.
14. Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk vegna eldvarnaáttaksins 2011
15. Stígamót: Fjárbeiðni.
16. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um þingsályktun um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara.
17. Umhverfisráðuneytið: Ósk um ábendingar vegna landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.
18. Umhverfisstofnun: Athugasemdir vegna vatnaáætlunar 2011-2015.
19. Hagstofa Íslands: Manntal.
20. Flokkun heimilissorps.
21. Laugaráslæknishérað.
22. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Úttektir á leik- og grunnskólum.
23. Næsti fundur hreppsnefndar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

24. Fræðslunefnd: Fundargerð 13. fundar vegna Flúðaskóla frá 22. nóvember s.l.
25. Fræðslunefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Æskulýðsmála frá 22. nóvember s.l.
26. Fræðslunefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Undralands frá 22. nóvember s.l.
27. Veitustjórn: Fundargerð 15. fundar frá 21. nóvember s.l.
28. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá ágúst s.l.
29. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá ágúst s.l.
30. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 27. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

31. 41. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. nóvember s.l. og 72. afgreiðslufundur frá 27. október s.l. og 73. afgreiðslufundur frá 16. nóvember sl.
32. Velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 4. fundar frá 16. nóvember s.l.
33. Oddvitanefnd: Fundargerð frá 14. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð 55. Fundar frá 20.-21. október sl.

- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 304. stjórnarfundar frá 10. nóvember s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 135. stjórnarfundar 17. nóvember s.l.
- d. SASS: Fundargerð 448. stjórnarfundar frá 27. október sl.
- e. SASS: Fundargerð 449. stjórnarfundar frá 3. nóvember sl.
- f. SASS: Fundargerð 42. aðalfundar SASS frá 28.-29. október sl.
- g. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 136. fundur frá 27. október s.l.
- h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Fundargerð 6. aðalfundur frá 28. október s.l.
- i. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 209. stjórnarfundar 22. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- j. Fundargerð Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga 2011 frá 5. október s.l.
- k. Skipulagsstofnun: Dreifibréf til sveitarfélaga v. 5 tl. bráðabirgðarákvæðis laga nr. 123/2010.
- l. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Umsókn um styrk.
- m. Fundargerð Samráðsfundar stjórnar sambandsins og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 14. október s.l.
- n. Skólavogin.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 790. fundar frá 28. október sl.
- p. Velferðarráðuneytið: Framkvæmd reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum.
- q. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Forfallakennsla í grunnskólum.
- r. Velferðarvaktin: Áskorun um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni.
- s. Innanríkisráðuneytið: Úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu.
- t. Listasafn Árnesinga: Sýningardagskrá 2012.

Skýrslur á skrifstofu:

- u. Dr. Haukur Arnþórsson: Samtal stjórnvalda við almenning á netinu.
- v. Héraðsnefnd Árnesinga: Ársreikningur 2010.
- w. Tónlistarskóli Árnesinga: Skýrsla október 2011.
- x. ÍSÍ: bæklingur um hættuna við lyfjamisnotkun.
- y. Stjórn FÍÆT: Upplýsingarrit um starfssemi félags íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi.

Gengið til dagskrár:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2012. (Fyrri umræða)

Lögð var fram drög að fjárhagsáætlun 2012 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps fyrir árið 2012. Helstu forsendur eru: Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um kr. 13 millj. frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011. Fasteignaskattur er byggður á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati fyrir árið 2012. **Álagningahlutföll** verði hin sömu og ársins 2011, eða 0.60% í A flokki, og 1.32% í B- og C- flokki. Gert er ráð fyrir að tekjur af fasteignaskatti hækki um kr. 9,4 millj. vegna hækkunar fasteignamats. Gert er ráð fyrir að framlög úr Jöfnunarsjóði lækki um kr. 2,4. millj. frá áætlun 2011 þar sem óvissa er um framlög, þar sem áætlun sjóðsins liggur ekki að fullu fyrir auk þess sem nemendum mun fækka í skóla. **Gjaldskrár** hækki almennt um 5-10%. **Rekstur einstakra málaflokka** var yfirfarinn með hliðsjón af endurskoðaðri áætlun 2011 og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirbyggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður** – rekstur en til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði. Til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 10 millj., aðallega vegna gatnakerfis en ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni að fjárhæð kr. 14,2 millj. Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti hreppsnefnd að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum. Áætlað er að sá fundur verði fimmtudaginn 15. desember.

2. **Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps. (Fyrri umræða)**
Oddviti lagði fram drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps og sveitarstjóri fór yfir forsendur hennar. Í drögunum er gert ráð fyrir svipaðri fjárfestingu á hverju ári og fjárhagsáætlun 2012 og óbreyttum rekstri. Drögunum vísað til annarrar umræðu á næsta fundi hreppsnefndar sem haldinn verður 15. desember n.k.
3. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2012.**
Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2012. Lagt er til að álagning verði óbreytt, eða 14,48%. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna samhljóða.
4. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2012.**
Sveitarstjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2012. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
5. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2012.**
Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2012. Gert er ráð fyrir 5% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði kr. 16.700, sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði 17.600, vegna sumarhúsa kr. 14.000 og atvinnuhúsnæðis kr. 35.000. Sérstakt aukasorp gjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 5%. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
6. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2012.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús á árinu 2012. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2012.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2012. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
8. **Tillaga um reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti 2012.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkuleyfisþega. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
9. **Kennarasamband Íslands: Vegurinn í Ásabyggð.**
Oddviti kynnti bréf þar sem kvartað er undan veginum að orlofshúsunum í Ásabyggð og krafist úrlausnar. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að skoða málið.
10. **Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga.**
Oddviti kynnti stofnfund Sambands orkusveitarfélaga. Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir því að Hrunamannahreppur verði stofnaðili Sambands orkusveitarfélaga.
11. **Umhverfisráðuneytið: Umsögn um drög að skipulagsreglugerð.**
Oddviti kynnti drög að skipulagsreglugerð frá Umhverfisráðuneytinu og ósk um athugasemdir við hana. Þá voru lögð fram drög um athugasemdir frá Skipulagsfulltrúa. Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að skila inn athugasemdum við skipulagsreglugerð á grundvelli draga skipulagstjóra og umræðna á fundinum.
12. **Lögreglustjórinn á Selfossi: Auglýsing um umferð á Flúðum.**
Oddviti kynnti bréf frá Lögreglustjóranum á Selfossi um staðfestingu og auglýsingu ákvörðunar hreppsnefndar um að hámarkshraði á íbúðargötum á Flúðum verði framvegis 30 km/klst.
13. **Snorraverkefnið: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk við Snorraverkefnið. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
14. **Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk vegna eldvarnaáttaksins 2011.**
Oddviti kynnti umsókn um styrk. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
15. **Stígamót: Fjárbeiðni.**
Oddviti kynnti bréf Stígamóta þar sem óskað er eftir styrk vegna ársins 2012. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um þingsályktun um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara.**
Oddviti kynnti beiðni um umsögn um þingsályktun um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara. Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árnesþings.
17. **Umhverfisráðuneytið: Ósk um ábendingar vegna landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.**
Oddviti kynnti beiðni Umhverfisráðuneytisins um aðstoð til að koma á framfæri landsáætlun um meðhöndlun úrgangs til að íbúar og hagsmunasamtök geti komið með ábendingar um áætlunina.
18. **Umhverfisstofnun Athugasemdir vegna vatnaáætlunar 2011-2015.**
Oddviti kynnti beiðni Umhverfisstofnunar um að koma með athugasemdir vegna vatnaáætlunar 2011-2015. Hreppsnefnd vísar málinu til veitustjórnar.
19. **Hagstofa Íslands: Manntal.**
Oddviti kynnti manntal og húsnæðistal sem Hagstofa Íslands hefur fyrirhugað að taka og biður um aðstoð sveitarfélaga við það.
20. **Flokkun heimilissorps.**
Oddviti kynnti erindi frá Esther og Gunnari Þór um að skoðað verði hvernig önnur sveitarfélög hafi tekið upp aukna flokkun í heimilissorpi. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna áfram í málinu í samvinnu við Umhverfisstofnun.
21. **Laugaráslæknishérað.**
Oddviti kynnti hugmyndir Bláskógabyggðar að kaupa eignarhlut annarra sveitarfélaga í Uppsveitum í jörðinni Laugarási. Hreppsnefnd felur oddvita að vinna áfram í málinu.
22. **Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Úttektir á leik- og grunnskólum.**
Mennta og menningarmálaráðuneytið hyggst framkvæma úttekt á þrem skólum á hvoru skólastigi og auglýsir eftir sveitarfélögum sem áhuga hafa á að tak þátt. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að óska eftir því að leik- og grunnskólar Hrunamannahrepps verði teknir út.
23. **Næsti fundur hreppsnefndar.**
Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 15. desember kl. 16:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

24. **Fræðslunefnd: Fundargerð 13. fundar vegna Flúðaskóla frá 22. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 22. nóvember s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, farið yfir tillögur að gjaldskrá mótuneytis og skólasels, farið yfir fjárhagsáætlun 2012, kynnt ný reglugerð um skólasamfélag, kynnt bréf um forfallakennslu og skólaþing 2012 rætt. Nefndin leggur til að verð á hressingu hækki úr kr. 54 í kr. 58 og skólamáltíð hækki úr kr. 230 í kr. 255 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins frá og með 1. janúar nk. Þá leggur hún til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 220 í kr. 245 gjald fyrir máltíð úr kr. 84 í kr. 88 frá og með 1. janúar nk. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun nefndarinnar með þeim breytingum að afnot skóla af sundlaug og íþróttahúsi hækka í samræmi við tillögur endurskoðenda. Aðrar máltíðir vegna fæðis í Heimalandi hækka um 5% frá og með 1. janúar 2012. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.
25. **Fræðslunefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Æskulýðsmála frá 22. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna æskulýðsmála frá 22. nóvember s.l. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns, starfsáætlun 2012 og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og óskar félagsmiðstöðinni Zero til hamingju með að hafa unnið Stíl, hönnunarkerppni félagsmiðstöðva á vegum Samfés.
26. **Fræðslunefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Undralands frá 22. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 22. nóvember. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, farið yfir starfsmannamál, breytingar á gjaldskrá og fjárhagsáætlun 2012 og önnur mál. Nefndin leggur til 10% hækkun á leikskólagjöldum frá og með 1. janúar nk., gjald fyrir

- hádegisverð hækki úr kr. 230 í kr. 255, morgunhressing hækki úr kr. 58 í kr. 61 og síðdegishressingu úr kr. 89 í kr. 94. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
27. **Veitustjórn: Fundargerð 15. fundar frá 21. nóvember s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar veitustjórnar. Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða 2012, lagðar voru fram tillögur að gjaldskrám fyrir hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu og farið yfir stöðu vatnsveitumála í Laugarkrók, stofnfund Sambands Orkusveitarfélaga og önnur mál. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 5% og taxti gróðurhúsa hækki um 8% en heimæðagjöld fylgi breytingum á byggingarvísitölu. Gjaldskrá vegna vatnsveitu breytist þannig að gjald á íbúðarhús lækkar úr 0,30% í 0,27% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í 28.300 eða um 10%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 60.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 10% og verður kr. 28.300. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt. Heimæðagjöld hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu og aðrar hækkanir nema 5%. Gjaldskrá vegna fráveitu breytist þannig að fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum lækkar úr 0,30% í 0,27% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis lækkar í kr. 54.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður óbreytt kr. 180.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 6.700 en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu og aðrar hækkanir nema 5%. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til.
28. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá ágúst s.l.**
 Frestað til næsta fundar.
29. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá ágúst s.l.**
 Frestað til næsta fundar.
30. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 27. nóvember s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar landbúnaðarnefndar frá 27. nóvember s.l. Fjallað var um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, stöðu skálavarðar og málefni sem snúa að afréttinum varðandi fjárhagsáætlun. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að láta auglýsa eftir aðila til að sjá um útleigu og markaðssetningu á afréttarhúsunum auk þess að sjá viðhald húsa og heysölu og vísar verkefnum sem nefndin bendir á varðandi fjárhagsáætlun til seinni umræðu fjárhagsáætlunar. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

31. **41. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. nóvember s.l. og 72. afgreiðslufundur frá 27. október s.l. og 73. afgreiðslufundur frá 16. nóvember s.l.**
 Oddviti lagði fram fundargerð 41. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 17. nóv. 2011 en þar var farið yfir 6 mál fyrir Hrunamannahrepp og 2 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 1, samþykkt að staðsetja hús að Tjarnardal 6 utan byggingarreits. Mál nr. 2, samþykkt skýli á Sneiðinni 1. Farið yfir mál nr. 7. fundargerðir 72. afgreiðslufundar frá 27. október og 73. afgreiðslufundar frá 16. nóvember þar sem 4 mál voru tekin fyrir sem tengdust Hrunamannahreppi. Mál nr. 8 þar sem Skipulagsfulltrúa var falið að gera drög að umsögn um nýja skipulagsreglugerð. Mál nr. 9 þar sem samþykkt var stækkun vinnsluhúsnæðis Flúðafisks í Borgarási en talið var nauðsynlegt að unnið yrði deiliskipulag fyrir svæðið. Mál nr. 9 þar sem samþykkt var stækkun við Smiðjustíg 19 enda verði frágangur á lóðamörkum í samráði við aðliggjandi lóðarhafa. Mál nr. 13 þar samþykkt var að auglýsa deiliskipunartillögu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar auk umsagnar Umhverfisstofnunar og Forsætisráðuneytisins. Mál nr. 14 þar sem lagt var fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi á 1 ha svæði í Efri-Kisubotnum í Kerlingarfjöllum. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.
32. **Velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 4. fundar frá 16. nóvember s.l.**
 Oddviti kynnti fundargerð Velferðarnefndar Árnespings frá 16. nóvember s.l. Tekið var fyrir trúnaðarmál, farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2012 og lögð fram drög að starfsáætlun 2012. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

33. Oddvitafundur: Fundargerð frá 14 nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar Uppsveita og Flóa frá 16. nóvember s.l. Fjallað var um Skipulags- og byggingarfulltrúaembættið, GPS mælitæki, húsnæðismál, ferðamálafulltrúa Uppsveita, byggðasafnið í Gröf og kauptilboð í jörð. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 55. Fundar frá 20.-21. október sl. Fundargerð lögð fram.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 304. stjórnarfundar frá 10. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 135. stjórnarfundar 17. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. SASS: Fundargerð 448. stjórnarfundar frá 27. október sl. Fundargerð lögð fram.
- e. SASS: Fundargerð 449. stjórnarfundar frá 3. nóvember sl. Fundargerð lögð fram.
- f. SASS: Fundargerð 42. aðalfundar SASS frá 28.-29. október sl. Fundargerð lögð fram.
- g. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 136. fundur frá 27. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Fundargerð 6. aðalfundur frá 28. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- i. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 209. stjórnarfundar 22. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- j. Fundargerð Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga 2011 frá 5. október s.l. Lagt fram til kynningar.
- k. Skipulagsstofnun: Dreifibréf til sveitarfélaga v. 5 tl. bráðabirgðarákvæðis laga nr. 123/2010. Lagt fram til kynningar.
- l. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Umsókn um styrk. Lagt fram til kynningar.
- m. Fundargerð Samráðsfundar stjórnar sambandsins og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 14. október s.l.
- n. Skólavogin. Lagt fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 790. fundar frá 28. október sl. Lagt fram til kynningar.
- p. Velferðarráðuneytið: Framkvæmd reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum. Lagt fram til kynningar.
- q. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Forfallakennsla í grunnskólum. Lagt fram til kynningar.
- r. Velferðarvaktin: Áskorun um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni. Lagt fram til kynningar.
- s. Innanríkisráðuneytið: Úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu. Lagt fram til kynningar.
- t. Listasafn Árnesinga: Sýningardagskrá 2012. Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- u. Dr. Haukur Arnþórsson: Samtal stjórnvalda við almenning á netinu. Lagt fram til kynningar.
- v. Héraðsnefnd Árnesinga: Ársreikningur 2010. Lagt fram til kynningar.
- w. Tónlistarskóli Árnesinga: Skýrsla október 2011. Lagt fram til kynningar.
- x. ÍSÍ: bæklingur um hættuna við lyfjamisnotkun. Lagt fram til kynningar.
- y. Stjórn FÍÆT: Upplýsingarrit um starfssemi félags íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20